

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í Vopnafjarðarhreppi.

#### 1. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund í Vopnafirði, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 933/2015, skal vera 14.634 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðissskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött í Vopnafirði, sbr. 12. gr. samþykktar nr. 912/2015, skal vera 8.818 kr. Innifalið í leyfisgjaldi er heilbrigðissskoðun dýralæknis, ormahreinsun og trygging, auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

#### 3. gr.

Við upphafsskráningu hunds/kattar skal liggja fyrir vottorð frá dýralækni um örmerkingu viðkomandi dýrs. Kostnaður af örmerki greiðist af eiganda dýrsins.

#### 4. gr.

Eigendur hunda og katta eru ábyrgir fyrir öllum kostnaði sem hlýst af brotum gegn samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði, þ.m.t. óheimilli lausagöngu, auk handsömunar, vörslu og skila dýranna eða aflifunar.

Við afhendingu handsamaðs hunds eða kattar skal leyfishafi greiða handsömunargjald samkvæmt samþykktum um hunda- og kattahald í Vopnafirði:

Fyrir fyrsta skipti sem dýrið er fangað	18.963 kr.
Fyrir annað skipti	25.223 kr.
Fyrir þriðja skipti	31.484 kr.
Að auki skal greiða fyrir hvern byrjaðan sólarhring sem hundur eða köttur hefur verið í vörslu	3.817 kr.

Miðast greiðsla vegna föngunar við fjölda skipta sem dýrið er fangað á 12 mánaða tímabili.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunarkostnað.

#### 5. gr.

Með vísan til 12. gr. í samþykkt um hundahald nr. 933/2015 greiða eigendur hunda á lögbýlum ekki leyfisgjald heldur einungis útlagðan kostnað við ormahreinsun.

#### 6. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

#### 7. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með vísan til heimilda í samþykkt um hundahald í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 933/2015 og samþykkt um kattahald og gælu-dýrahald annarra en hunda í sex sveitarfélögum á starfssvæði heilbrigðisnefndar Austurlandssvæðis nr. 912/2015 og samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldskráin

Nr. 1799

12. desember 2024

tekur þegar gildi og gildir vegna álagningar almanaksárið. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá fyrir hunda- og kattahald í Vopnafirði nr. 1537/2023.

*Samþykkt í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps, 12. desember 2024.*

**Valdimar O. Hermannsson** sveitarstjóri.

\_\_\_\_\_

B-deild – Útgáfudagur: 20. janúar 2025